



Alþingi
Erindi nr. P 100, 1988
komudagur 15. apríl 2002


15. apríl 2002


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Föstudaginn 12. apríl sl. barst Seðlabanka Íslands munnleg beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á starfsemi Þjóðhagsstofnunar, 614. mál.

Seðlabanki Íslands telur það ekki þjóna tilgangi eins og nú horfir að skipa nefnd til endurskoðunar á starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Verði að lögum frumvarp um brotfall laganna um Þjóðhagsstofnun færast verkefni hennar til annarra stofnana. Auk þess eru fyrir stofnanir sem í vaxandi mæli og af aukinni fagmennsku sinna margháttuðum athugunum á sviði efnahagsmála. Seðlabanka Íslands virðist ekki að samhengi þurfi að vera á milli áforma um að leggja Þjóðhagsstofnun niður og hugsanlegrar eflrar sérfræðistarfsemi á vegum Alþingis á sviði efnahagsmála sem m.a. er vikið að í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Finnur Ingólfsson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605